

Starfsleyfi

Skuggafall ehf.

Kt. 420211-0740

Leyfi til að starfrækja: Hársnyrtistofu
Aðsetur starfseminnar: Fornubúðir 8, Hafnarfirði

Heilbrigðisnefnd veitir leyfi samkvæmt 6 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og 9. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

Leyfið gildir frá 1. júlí 2019 til 30. júní 2031

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs hársnyrtistofu sbr. ákvæði X. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Fastanúmer húsnæðis: 207-4844.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla í reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um að draga skuli úr myndun úrgangs, meðhöndlun og geymslu hans og þrifnað lóða.

Innra eftirlit

Starfrækja skal innra eftirlit samkvæmt ákvæðum 11. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem að lágmarki tekur til hreinlætisáætlunar, þjálfunar starfsfólks, skráningum á viðhaldi tækja og búnaðar ásamt skráningum óhappa og framkvæmda á úrbótum.

Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum XVI. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi, sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, með hæfilegum fyrirvara. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfi ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd eða skaðleg áhrif sem ekki voru ljós fyrir. Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðabær, 10. september 2019



Handwritten signature and official stamp of the Health and Safety Committee of the Reykjavík and Kópavogur area.